

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2004

frá 19. mars 2004

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2003 frá 5. desember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/76/EB frá 11. ágúst 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/77/EB frá 11. ágúst 2003 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB og 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE):

„- **32003 L 0076:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/76/EB frá 11. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB):

„- **32003 L 0077:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/77/EB frá 11. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 211, 21.8.2003, bls. 24).“
3. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í lið 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 211, 21.8.2003, bls. 24.

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0077**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/77/EB frá 11. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 211, 21.8.2003, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/76/EB og 2003/77/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.